



Tengslin við heimilin trosnuðu merkilega lítið í fyrstu bylgju COVID-19 Sjórnarhorn stjórnenda og grunnskólakennara

Kristín Jónsdóttir

► Abstract ► Um höfund ► About the author ► Heimildir

Viðvera nemenda var minnkuð í langflestum grunnskólum vorið 2020 þegar fyrsta bylgja COVID-19 gekk yfir en á móti kom að upplýsingagjöf til foreldra var aukin og fjarkennsla tekin upp. Skipulag viðveru og fjarkennslu var mismunandi milli skóla og sveitarfélaga en allir væntu þess að nemendur lærðu heimavið.

Þessi rannsókn beinist að viðhorfum skólastjórnenda og kennara. Þeir svöruðu spurningakönnun í apríl 2020 en svör bárust frá 151 grunnskóla af 170 skólum á landinu öllu. Niðurstöður sýndu að stjórnendum og kennurum var ljóst að aðstæður nemenda til náms heimavið væru mismunandi. Þeir lögðu mikla vinnu í að halda uppi kennslu og búa nemendur út með námsefni og verkefni. Kennarar vörðu meiri tíma en í venjulegu árferði í undirbúning kennslu og kennsluna sjálfa, sem og í upplýsingamiðlun og samskipti við heimilin. Stjórnendur og kennarar voru ánægðir með hvernig kennslan var á heildina lítið en þeim fannst nokkuð skorta á að þátttaka foreldra í námi barna sinna væri eins góð og kennslan á þessum tíma. Bæði kennarar og stjórnendur lýstu áhyggjum af slakri mætingu nemenda af erlendum uppruna og þeirra sem hafa veikt bakland. Tengsl skóla og heimila styrktust frekar en veiktust á þessu tímabili þrátt fyrir álag í samfélaginu. Ályktun höfundar byggir á að (1) starfsfólk skóla lagði sig fram um að halda skólunum opnum og stýra góðri og vel undirbúinni kennslu af fagmennsku um leið og það fékk skýrari mynd af aðstæðum nemenda heimavið; (2) svo virðist sem foreldrar hafi fengið meiri innsýn í fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni grunnskólanáms og oftast sýnt skólafólkinu þakklæti og virðingu; (3) samskipti heimila og skóla jukust verulega í flestum tilvikum og kennarar og foreldrar unnu saman eftir nýjum leiðum. Tengsl kennara við nemendur úr viðkvæmum hópum rofnuðu frekar en við skólasystkin þeirra svo neikvæð áhrif fyrstu bylgju faraldursins virðast hafa bitnað harðast á þeim.

Efnisorð: COVID-19, tengsl heimila og skóla, grunnskólar, jafnrétti, skólaþróun

Inngangur

Undir lok febrúar 2020 greindust fyrstu Íslendingarnir með COVID-19 og þann 13. mars var lýst yfir neyðarástandi sem stóð til 4. maí. Grunnskólastarf var endurskipulagt í miklum flýti; nemendur mættu á mismunandi tímum og mismikið í sóttvarnaskyni. Til að bæta upp fyrir skerta viðveru innan veggja skólanna bjuggu kennarar nemendur sína út með námsefni, verkefni og áætlanir til að þeir gætu stundað grunnskólanámið að hluta til heima. Mátti sjá og heyra talað um heimakennslu og heimaskóla (Ingvi Hrannar Ómarsson, 2020). Heimanám fékk margs konar nýja merkingu á þessu tímabili en í þessari grein verður frekar talað um nám nemenda heimavið, til aðgreiningar frá heimanámi eins og algengast var fyrir faraldurinn.

Fyrstu viðbrögð

Skipulag viðveru og fjarkennslu var mjög mismunandi milli skóla og milli sveitarfélaga en allir væntu þess að nemendur lærðu heima. Margir kennarar nýttu sér upplýsingatækni í mun meira mæli en áður og svo virðist sem kennsluskipulag hafi víða orðið að blöndu af námi heimavið og námi með viðveru í skólanum, í mismunandi hlutföllum eftir aldri nemenda (Kennarasamband Íslands, 2020).

Foreldrar grunnskólabarna eru ekki einsleitir hópur frekar en börnin sjálf og breytingar á starfsemi skóla komu við fjölskyldur á ólíka vegu. Á samfélagsmiðlum mátti sjá foreldra sem lýstu námi barna heimavið sem ánægjulegri viðbót við samverustundir fjölskyldunnar. Annars staðar fréttist af börnum sem upplifðu depurð og fundu hvergi næði til að læra heima. Yfirvöld létu þýða upplýsingarit, *Lykilskilaboð og forvarnaraðgerðir vegna COVID-19 í skólum* (UNICEF, 2020) sem m.a. var ætlað að draga úr kvíða og streitu meðal nemenda, með fræðslu og forvörnum.

Viðbrögðum grunnskóla landsins var stýrt af skólastjórnendum og rekstraraðilum sem í flestum tilfellum eru sveitarfélögin en í grunnskólum sem aðrir aðilar reka eru um 3% nemenda. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fundaði reglulega með forsvarsmönnum skólakerfisins og tók virkan þátt í umræðum um viðbrögðin. Þegar sóttvarnareglur voru hertar verulega þann 20. mars 2020 gaf heilbrigðisráðuneytið í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið út leiðbeinandi viðmið um íþrótta- og æskulýðsstarf í ljósi takmörkunar á skólastarfi og samkomum. Í þeim er aðallega fjallað um íþróttirnar en um skólastarfið sigir:

Kennsla í leik- og grunnskólum fer nú fram í litlum hópum og leitast er við að ekki verði blöndun milli þessara hópa til að hægja eins og unnt er á útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins.

(Heilbrigðisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020)

Sums staðar erlendis var viðbrögðum við COVID-19 í skólum meira miðstýrt. Í Noregi til dæmis var tveimur stofnunum, annarri sem svipar til Menntamálastofnunar og hinni til Landlæknisembættisins, falið að móta saman sérstakar reglur fyrir grunnskóla um sóttvarnir og eftirlit vegna faraldursins (Johansen o.fl., 2020). Leik- og grunnskólum í Noregi var lokað 13. mars 2020 og þeir opnaðir rólega aftur eftir sex vikna hlé; leikskólar þann 20. apríl, 1.–7. bekkur grunnskóla 27. apríl og unglingadeildir 11. maí. Þá var skólunum uppálagt að fylgja reglum sem meðal annars fjölluðu um smitvarnir, hámarksfjölda í hverjum nemendahópi, að hópar skyldu halda sér í frístundastarfi eftir að skóladegi lyki og að ákjósanlegt væri að blanda saman staðkennslu og fjarkennslu þar sem því yrði við komið (Johansen o.fl., 2020). Með fylgdu gátlistar, meðal annars einn um þrif og annar um hvaða börnum ætti af heilsufarsástæðum að beina frá því að mæta í skóla. Í grein, sem skrifuð var af fagfólki beggja stofnana, var bent á að takmarkaðar sannanir væru fyrir gagnsemi skólalokana til þess að hefta útbreiðslu COVID-19 en vitað væri að lokunum fylgdi aukin hætta á ójöfnuði milli barna í félagslegu, efnahagslegu og heilsufarslegu tilliti. Johansen og félagar sögðu jafnframt að reglurnar virtust hafa gagnast vel til að róa áhyggjufulla foreldra og kennara þegar farið var í að opna skólana að nýju.

Gæði kennslu

Á þessum tíma var mat á gæðum kennslu trúlega ekki efst á verkefnalista fagfólks í íslenskum skólum því athygli flestra beindist að því að ná utan um allt og alla við óvæntar kringumstæður. Alla jafna er starfsfólk skólanna þó mjög ánægt með sitt starf. Grunnskólakennarar sem tóku þátt í rannsókninni Starfshættir í grunnskólum 2008–2013 voru það til að mynda; yfir 90% þeirra töldu kennsluna vera í heild mjög góða eða yfirleitt góða, en innan við 10% að hún væri í meðallagi eða henni væri áfát (Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014).

Nú eru forgangsröðun og áherslur í skólastarfi aðkallandi viðfangsefni vegna áhrifa faraldursins á allt samfélagið. Í fyrrnefndri rannsókn, sem oft er kölluð Starfsháttarannsóknin, var grunnskólastarf skoðað frá mörgum sjónarhornum. Niðurstöður Starfsháttarannsóknarinnar varðandi áhersluþætti í menntun grunnskólanemenda sýndu að starfsfólk skóla taldi að mjög mikla áherslu ætti að leggja á að efla sjálfsmýnd nemenda. Sá kostur lenti efst á lista á meðan áhersla á námsárangur lenti í 6. sæti (Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014). Foreldrar voru sama sinnis því sjálfsmýndin varð í efsta sæti og námsárangur í 5. sæti á lista þeirra yfir áhersluþætti í menntun grunnskólanemenda. Nemendur í 7.–10. bekk voru líka beðnir um að leggja mat á áhersluþætti en orðalag var að hluta til annað en í spurningunum til hinna fullorðnu. Unglingarnir svöruðu líka nokkuð á annan veg. Mikilvægast þótti þeim að í starfi grunnskóla væri lögð áhersla á að öllum nemendum liði vel, en í öðru sæti hjá þeim kom áhersla á góðan námsárangur.

Væntingar til skólastarfs og kennara endurspeglast að ýmsu leyti í þeim áhersluþáttum sem fyrr voru nefndir. Þær taka til margra og mismunandi þátta til viðbótar við hið augljósa hlutverk kennara að miðla og stýra námi nemenda í tilteknum aldursþópum eða ákveðnum faggreinum. Í skrifum Hermínu Gunnþórsdóttur (2016) um fjölbreytileika og kennarastarfið dregur hún fram að kröfur séu gerðar um mismunandi nálganir grunnskólakennarans í kennslu því engin ein leið henti öllum. Kennsla sé mun margþættara starf en fyrir nokkrum áratugum, og því þurfi að huga vel að hvernig kennsluháttum sé hagað og hvaða kennsluáðferðir séu valdar hverju sinni.

Skólar eru líka mikilvægur félagslegur vettvangur fyrir börn og unglunga. Ný rannsókn á félagstengslum íslenskra barna og unglunga, sem byggir á spurningalistum sem lagðir voru fyrir í 6., 8. og 10. bekk, leiddi í ljós að flest eru þau með góð tengsl við foreldra, vini og skóla (Ársæll Már Arnarsson, Sigrún Daníelsdóttir og Rafn Magnús Jónsson, 2020). Þau sem á annað borð eru með einhver slök tengsl, hafa þau oftast nær aðeins á einu sviði og þá oftast við vini. Höfundar hafa bent á að um 3% íslenskra unglunga hafi slök félagstengsl á öllum sviðum, við foreldra, vini og skóla. Þó 3% virðist í fljótu bragði lág tala eru um 700 börn og unglingar á bak við hana.

Jafnrétti til náms

Í bandarískri yfirlitsgrein er sjónum beint að því að reynsla kennara af fjarkennslu í fyrstu bylgju COVID-19 muni nýtast vel þegar næst kemur að því að loka þurfi skólum (Morgan, 2020). Bent er á lokanir geti aukid á ójöfnuð, erfitt sé að mæta þörfum fátækra barna sem hafi takmarkaðan aðgang að tölvum sem og þörfum barna sem þurfa sérkennslu sem ekki verði veitt með jafn áhrifaríkum hætti í fjarkennslu sem staðkennslu. Þekking og reynsla kennara af fjarkennslu og netnámi sé dýrmæt en stundum þurfi að hugsa út fyrir boxið til að ná til nemenda. Höfundur nefnir dæmi um að skólar í Los Angeles hafi samið við staðbundnar sjónvarpsstöðvar svo kennarar gætu miðlað efni til nemenda sinna í sjónvarpsútsendingum.

Íslensk meistarařitgerð, sem byggir á viðtölum sem tekin voru við 13 kennara í einum grunnskóla á landsbyggðinni og tveimur á höfuðborgarsvæðinu í fyrstu bylgju COVID-19, leiddi í ljós að mismunur var á milli grunnskóla landsins varðandi viðveru, fyrirkomulag náms og áherslur (Ylfa G. Sigurðardóttir, 2020). Fram kom að kennararnir sem þátt tóku áttu auðvelt með aðlaga sig að nýjum kröfum í starfi en höfðu áhyggjur af að sérkennsla féll niður og margvísleg sérþjónusta við nemendur stöðvaðist. Höfundur vísar til þess í lokakafla ritgerðarinnar að íslensk menntastefna eins og hún birtist í *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013) sé stefna um skóla án aðgreiningar. Hún bætir við hvort ekki þurfi að vera til viðbragðsáætlun frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu þegar óvissuástand sem þetta kemur upp; áætlun sem líkja megi við haldreipi fyrir skólafólk svo uppfylla megi sem best kröfur grunnskólalaga um skólaskyldu og jafnrétti til náms.

Markmiðsgreinin eða 2. grein laga um grunnskóla nr. 91 frá árinu 2008, sem meðal annars er grundvöllur *Aðalnámskrár grunnskóla*, hljóðar svo:

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

(Lög um grunnskóla nr. 91/2008)

Í lagagreininni er kveðið á um að starfshættir grunnskóla skuli mótast af jafnrétti og oft er til þessa vísað í umræðum um jafnrétti grunnskólabarna til náms. Fáir myndu draga í efa að skólum bæri skylda til að viðhafa og viðhalda jafnrétti í störfum sínum. Aðeins veikara orðalag er viðhaft þar sem segir að grunnskóli skuli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda. Þetta er umhugsunarvert í ljósi þess að grunnskólastarf var endurskipulagt með hraði, við fordæmalausar aðstæður, þar sem stjórnendur skóla höfðu fátt til að styðjast við.

Sjónarhorn jafnréttis er skarpt í nýrri rannsókn á áhrifum COVID-19 á írsku grunn- og framhaldsskólanema. Orla Doyle, sem gerði rannsóknina fyrir opinbera stofnun í stefnumótun, skrifar að eldri rannsóknir hafi sýnt að stéttarstaða foreldra hafi áhrif á hvernig börnum gangi í námi við óvenjulegar og erfiðar aðstæður eins og COVID-19; börn af lægri stéttum verði verst úti og komi þar margt til, til dæmis séu meiri líkur á að foreldrar af lægri stéttum missi vinnuna en þeir sem eru í efri lögum samfélagsins (Doyle, 2020). Rannsókn hennar byggir á spurningakönnun sem lögð var fyrir 6. apríl og svarað af 458 foreldrum. Niðurstaðan er að þegar skólar loki sé menntun foreldra mjög ráðandi þáttur varðandi hvernig börnum og ungmennum gengur í námi sínu. Foreldrar beiti ólíkum og misgóðum aðferðum við að aðstoða börn við námið heima og meira menntaðir foreldrar hafi þar forskot. Einnig fá þeir meira menntuðu betri námsgögn frá kennurum og nýti frekar aðgang að námsefni frá yfirvöldum. Það dragi sundur með börnum sem eiga mikið menntaða foreldra og þeim sem eiga lítið menntaða foreldra og skólalokanir til langs tíma geti því haft ófyrirséðar afleiðingar.

Mismunandi aðstæður heima

Í breskri rannsókn sem beindist einnig að jafnrétti eða ójöfnuði vegna lokunar skóla í fyrstu bylgju COVID-19 voru foreldrar 4.482 barna spurðir um þann tíma sem börnin vörðu til náms heima við og um stuðning sem þau fengu frá skólunum með fjarkennslu, námsgögnum eða öðru (Bayrakdar og Guveli, 2020). Fram kom að margt hafði áhrif; börn frá fátækum heimilum, börn einstæðra foreldra, börn foreldra með litla menntun og börn af pakistönskum og bangladesskum uppruna stunduðu námið heimavið í færri klukkustundir á viku eða marktækt minna en skólafélagarnir þann tíma sem skólarnir voru lokaðir. Meiri áhrif en fyrrnefnt hafði þó stuðningur skólanna við nám nemenda sinna. Athygli vekur að 9,3% barnanna fengu ekkert frá sínum skólum til að geta stundað námið heima. Niðurstöður leiddu í ljós, hvað stuðning skólanna varðar, að mest munaði um fjarkennslu. Skýrt dæmi um mismunun var að börn af pakistönskum og bangladesskum uppruna voru líklegri en önnur börn til að fá engan stuðning, það er vera í skólum sem ekkert gerðu fyrir nemendur á meðan lokað var. Þau barnanna af pakistönskum og bangladesskum uppruna sem hins vegar fengu fjarkennslu stunduðu námið heimavið af sama kappi og jafnaldrarnir. Þannig vógu úrræði skólanna þyngst og vel upp á móti félagslegum þáttum þar sem nemendur fengu fjarkennslu og námsefni að vinna úr. Bayrakdar og Guveli (2020) hittu naglann á höfuðið með eftirfarandi orðum: Þar sem skólar gegna lykilhlutverki við að skapa jöfn tækifæri, er tilfærsla náms frá skólum til heimila líkleg til að auka ójöfnuð í menntun barna og unglinga.

Staða foreldra hefur áhrif á tengsl þeirra við skóla barna sinna. Í norskri rannsókn kom fram að menntaðir foreldrar ættu auðveldara með að taka þátt í samstarfi við skóla en þeir sem minni

menntun hafa (Bæck, 2009). Niðurstöður, sem byggja á svörum frá um 3500 foreldrum barna í 20 grunnskólum, sýna að upplifun íslenskra foreldra er að mörgu leyti sambærileg (Kristín Jónsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Bæck, 2017). Menntaðir foreldrar gera meiri kröfur til skólanna en þeir sem litla menntun hafa. Foreldrar hafa líka mismikla möguleika á að hafa áhrif á skólastarfið og til að fá stuðning fyrir börn sín. Einstæðar mæður eru líklegri en aðrir foreldrar grunnskólabarna til að upplifa áhrifaleysi og að fá ekki þann stuðning sem þær telja börn sín þurfa á að halda, samkvæmt fyrrnefndri rannsókn.

Breytingar á skólastarfi hérlendis á liðnu vori og minni viðvera barna í skólum jók pressuna á íslenska foreldra sem margir upplifðu togstreitu milli starfa sinna og foreldrahlutverks, samkvæmt rannsókn Auðar Magnúsar Auðardóttur og Önnudísar Gretu Rúdólfsdóttur (2020). Þær unnu úr 97 sögum frá foreldrum, aðallega mæðrum. Rannsóknaraðferðin byggði á að þátttakendur fengu upphaf sögu um foreldri tveggja skólubarna, luku við að semja söguna og byggðu þar á þekkingu sinni, viðhorfum og gildismati. Rannsóknin varpar ljósi á þær fjölmörgu skyldur sem þátttakendur töldu ábyrga foreldra verða að sinna, svo sem að vera vel skipulagðir, nákvæmir og virkir í námi barna sinna.

Áhrif COVID-19 til framtíðar

Ef að líkum lætur eru margar nýjar rannsóknir á áhrifum COVID-19 í gangi og birtast vonandi fljótt svo skólafólk geti nýtt sér niðurstöður til leiðbeiningar þar sem ekki sér fyrir endann á faraldrinum. Fjölmargir skemmtilegir pistlar frá fræðimönnum og alls konar fagfólki hafa þegar birst með þælingum og ábendingum um hvað megi læra af fyrstu bylgjunni og hvert beri að stefna.

Í pistli sem háskólakennari og valinn kennari ársins 2015 í Bandaríkjunum skrifuðu saman í júní síðastliðnum, leggja þau út af umræðum um hvernig hægt verði að láta skólabornin vinna upp allt sem tapaðist á liðnu vori (Mehta og Peebles, 2020). Þau leggja til að skólafólk varist að einblína á að vinna upp tap og ráðleggja að það taki Marie Kondo á námskrána; noti aðferðir japanska tiltektarsnillingans til að forgangsráða svo það sem mikilvægast er fái óskipta athygli.

Pasi Sahlberg (2020), sem meðal annars var ráðgjafi Reykjavíkurborgar við mótun nýrrar menntastefnu, sagði í pistli á liðnu sumri flesta rannsakendur vera sammála um að nám heimavið hefði aukið á þann ójöfnuð sem fyrir var: Börn sem hefðu mesta þörf fyrir skólann, hefðu trúlega liðið mest fyrir það þegar skólum var lokað. Hann minnti svo á hið augljósa sem okkur hættir stundum til að gleyma: Börn munu halda áfram að læra jafnvel þó þeim sé ekki kennt.

Markmið þessarar rannsóknar er að draga upp yfirlitsmynd af grunnskólakennslu á tíma fyrstu bylgju COVID-19. Kastljósinu er beint að viðhorfum kennara og skólastjórnenda og mati þeirra á aðstæðum til náms og gæðum kennslu, á samskiptum við foreldra og tengslum við heimilin.

Rannsóknaraðferð

Þátttakendur

Skólastjórnendur í grunnskólum og grunnskólakennarar, þar með taldir sérkennarar, voru þátttakendur í þessari rannsókn. Þeir svöruðu spurningakönnun sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands sendi út 27. apríl 2020 til starfsfólks allra grunnskóla í landinu.

Starfandi grunnskólar á Íslandi voru 170 árið 2019 samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands. Netfanga starfsfólks skóla var aflað af vefsíðum grunnskóla og fór spurningakönnunin með boði um þátttöku til 157 skóla eða á 8597 netföng.

Könnunin var opin frá 27. apríl til 26. maí. Svör bárust frá 2.719 starfsmönnum grunnskóla, úr 151 grunnskóla.

Alls voru 45.904 grunnskólanemendur á Íslandi árið 2018. Skólarnir þar sem stjórnendur svöruðu voru samtals með um 36.167 nemendur það sama ár. Ef hlutfallsleg skipting nemenda á milli skóla hefur ekki breyst mjög mikið er í rannsókninni unnið með svör frá stjórnendum skóla sem um 79% íslenskra grunnskólanema sækja.

Spurningakönnun

Spurningar í könnuninni snertu á einn eða annan hátt áhrif faraldursins á starf og vinnuáðstæður grunnskólakennara og skólastjórnenda, þroskaþjálfara og starfsfólks í frístundastarfi. Spurningarnar voru mismargar eftir því að hvaða starfsmannahópum þeim var beint og svarhlutfall varð líka mismunandi.

Spurningum um starfsemi skólans í heild var í flestum tilfellum beint til skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Niðurstöður um það og fleira í þessari rannsókn byggja á svörum 183 stjórnenda sem starfa í 118 skólum.

Svör bárust frá 1.582 kennurum. Fjöldi starfsmanna við kennslu eftir skólum liggur ekki fyrir en ljóst er að svörum þeirra er ójöfn eftir skólum og því ber að taka niðurstöðum sem byggja á svörum þeirra með nokkrum fyrirvara. Hluti skýringarinnar kann að vera að pósterfi skólanna eru ólík og könnunin hefur verið mislíkleg til að festast í ruslpóstvörnum. Svarhlutfall könnunarinnar er 33,5% sé lítið til starfsfólks við kennslu.

Í þessari rannsókn snúast spurningar til kennara mest um viðhorf og mat á kennslu og aðstæðum í fyrstu bylgju COVID-19, á samskiptum við foreldra og tengslum við heimilin. Gild svör grunnskólakennara við þessum spurningum voru 971–1003, svo þau gefa allgóða mynd af viðhorfum kennara á heildina lítið, með þeim fyrirvara um dreifingu svara sem um var getið.

Úrvinnsla

Engin sérstök siðferðileg álitamál tengjast framkvæmd rannsóknarinnar; ekki var safnað viðkvæmum persónugreinanlegum upplýsingum og þátttakendur voru upplýstir um að þeir mættu hafna þátttöku og sleppa einstökum spurningum.


Spurningalistinn var sendur út af Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. Öll svör skráðust inn í forrit en voru síðan sett í SPSS og Excel án allra persónugreinanlegra upplýsinga. Reiknuð var lýsandi tölfræði.

Niðurstöður

Langflestum grunnskólum var haldið opnum en viðvera nemenda minnkuð nokkuð í fyrstu bylgju COVID-19, og einstaka skóli þurfti að loka tímabundið. Um 92% grunnskóla voru opnir með þeim takmörkunum sem hæfilegar þóttu á hverjum stað. Skipulag á viðveru nemenda var mismunandi milli skóla og milli sveitarfélaga en allir væntu þess að nemendur lærðu heima, það er að segja lærðu heimavið þegar fjarkennsla var og sinntu einnig hefðbundnu heimanámi.

Mikil ánægja með kennslu en minni með þátttöku foreldra

Skólastjórnendur voru gríðarlega ánægðir með hvernig kennslan gekk þennan tíma og tóku í mati sínu væntanlega mið af þeim sérstöku aðstæðum sem voru við lýði, sjá *Mynd 1*. Hátt í helmingur stjórnenda eða 49% sagði kennsluna yfirleitt hafa verið í góðu lagi og 39% til viðbótar sögðu að hún hefði í heild verið mjög góð. Kennarar voru ögn varkárari eða gagnrýnni en 78% þeirra töldu að kennslan hefði verið góð eða mjög góð.



Mynd 1. Mat grunnskólakennara (Gk) og skólastjórnenda (S) á gæðum kennslu og þátttöku foreldra í námi barna sinna í fyrstu bylgju COVID-19.

Á hinn bóginn var skólafólkið ekki eins ánægt með þátttöku foreldra í námi barna sinna og það var með kennsluna. Bæði stjórnendur og kennarar töldu þátttöku foreldra í námi barna sinna yfirleitt í góðu lagi, samanber *Mynd 1*. Einungis 13% stjórnenda töldu þó að þátttaka foreldra í námi barna sinna væri mjög góð, samanborið við að 39% sögðu kennsluna vera mjög góða. Kennarar voru sama sinnis og stjórnendur, þeir töldu kennsluna betri en þátttöku foreldra ef svo má segja. Um helmingur kennara taldi að þátttaka foreldra hefði verið góð. Þá er vert að nefna að 27% kennara töldu að þátttaka foreldra hefði einungis verið í meðallagi og 15% töldu þátttöku þeirra hafa verið áfátt.


Mæting nemenda var misjöfn

Mjög vel gekk að skipuleggja viðveru nemenda í skólunum að mati 64% skólastjórnenda og frekar vel sögðu um 28% til viðbótar. Mæting nemenda var líka alla jafna góð. Þó er ástæða til að nefna að mæting nemenda á yngsta og miðstigi grunnskóla var þónokkuð betri en mæting nemenda á unglíngastigi. Ef nemendur mæta undir 40% af þeim tíma sem þeim er ætlað að mæta má segja að mæting þeirra sé verulega slök. Mæting um 5% nemenda á yngsta stigi og um 7% nemenda á miðstigi var verulega slök að mati stjórnenda. Hins vegar var mæting um 14% nemenda á unglíngastigi mjög slök eða undir 40% af því sem til var ætlast.

Ennfremur töldu skólastjórnendur að börn af erlendum uppruna og börn sem hafa veikt bakland eða búa við erfiðar félagslegar aðstæður hefðu mætt áberandi verr en skólasystkin þeirra. Um 40% skólastjórnenda töldu að mæting barna af erlendum uppruna hefði versnað meira en mæting annarra nemenda í fyrstu bylgju COVID-19. Einnig taldi hátt í helmingur stjórnenda (46%) að mæting barna sem búa við erfiðar aðstæður hefði versnað meira en annarra nemenda. Einungis 2% stjórnenda töldu að mæting þessara nemendahópa hefði batnað.

Auðvelt eða erfitt samstarf við foreldra

Svör kennara og skólastjórnaenda varðandi samstarf við foreldra vísuðu í sömu átt en þunginn í svörunum var mismunandi. Samstarfið reyndist kennurum greinilega erfiðara, sjá *Mynd 2*.




Mynd 2. Mat grunnskólakennara og skólastjórnaenda á samstarfinu við foreldra nemenda.

Á *Mynd 2* má sjá að um 75% stjórnenda sögðu samstarfið við foreldra hafa verið mjög eða frekar auðvelt en á sömu skoðun var 61% kennara. Nokkuð stór hópur kennaranna eða 28% sögðu samstarfið hafa verið erfitt eða hvorki auðvelt né erfitt.

Í spurningakönnuninni kom fram að fagfólkið lagði sig fram um að rækta samskiptin við heimilin. Foreldrar leituðu eftir stuðningi og ráðgjöf sögðu 43% stjórnenda og sama sinnis voru um 47% kennara. Ánægjulegt er að fagfólkið fékk líka athygli og stuðning frá foreldrum, 55% stjórnenda töldu svo vera og um 40% kennara.

Faglegt starf var tímafrekt

Það tók sannarlega tíma að bregðast við í fyrstu bylgju COVID-19, rækta tengslin við heimilin og upplýsa foreldra. Einnig tók undirbúningur kennslu og kennslan sjálf líka meiri tíma en venjulega að mati kennara, sjá *Mynd 3*.



Mynd 3. Mat grunnskólakennara á þeim tíma sem þeir notuðu í kennslu og undirbúning hennar annars vegar og í upplýsingagjöf og samstarf við foreldra hins vegar.

Það er ljóst af svörum kennara að vinnuálag á þá jókst verulega í fyrstu bylgjunni ef einungis er litið til þess tíma sem þeir unnu að nauðsynlegum þáttum í störfum sínum. *Mynd 3* talar sínu máli en 44% kennara eyddu meiri tíma en venjulega í undirbúning kennslu og kennsluna sjálfa. Um 58% kennara eyddu meiri tíma í upplýsingagjöf og samstarf við foreldra. Í svörum grunnskólastjórnenda kom fram að 68% þeirra töldu sig hafa eytt meiri tíma í upplýsingagjöf og samstarf við foreldra en í venjulegu ári.

Raddir kennara

Einni opinni spurningu var beint til kennara og hljóðaði hún svo: Viltu nefna eitthvað sérstakt varðandi tengsl við heimilin og nám nemenda heimavið? Við henni bárust 254 svör. Af þeim má ráða að upplifun kennara var mjög mismunandi.

Nokkrir lýstu álagi í samskiptum við foreldra vegna þess að mikið þurfti að leiðbeina þeim og nemendum:

Foreldrar stundum ágengir varðandi þjónustu við svar á tölvupóstum og annað. Í mínu tilfalli var ég á tímabili að kíkja á t-póstinn minn 5x á dag til að tryggja að nemendur væru að ná að skilja og skila verkefnum.

Margir lýstu því að samskiptin við flesta foreldra hefðu batnað og einn staðhæfði að „fólk er jákvæðara og kurteisara í viðmóti við kennara“. Bæði jákvæð og neikvæð svör bentu til þess að samskiptin hefðu aukist við foreldra á heildina litið og að sumir kennarar hefðu fengið hrós og viðurkenningu fyrir sín störf.

Fram komu skiptar skoðanir varðandi þátttöku foreldra í námi barna sinna. Eitt svarið var: „Ég tel að þetta hafi á vissan hátt veitt foreldrum meiri innsýn inn í nám barnanna og gert þá að meiri þátttakendum.“ Annar taldi hættu á „að virkir foreldrar hjálpi of mikið eða læri fyrir nemendur“. Margir nefndu að foreldrar hefðu gert sitt besta en aðstæður þeirra til að styðja börn sín í námi væru mismunandi.

Margir kennarar minntust á mismunandi heimilisaðstæður barna og unglinga og að þær hefðu áhrif á hvernig nemendur gætu stundað námið. Nefnt var að á sumum heimilum væri enginn fullorðinn heima og börnin ættu ein að reyna að sinna náminu en á öðrum heimilum væru margir heima sem gæti líka verið snúið. Einn orðaði það svo:

Að sjálfsögðu voru mismunandi áskoranir hjá nokkrum heimilum t.d. einstæðra foreldra og þá jókst álagið á heimilinu, þ.e. á heimadögum hjá nemendum. Eins gerir maður sér ekki grein fyrir tölvukosti eða aðgengi þeirra á heimilum þegar margir eru heima og nota sömu tæki.

Nokkur svör sýndu að kennarar töldu að þeir hefðu fyrst misst samband við þá nemendur sem stóðu þegar höllum fæti í náminu. Vísuðu þau svör einkum til nemenda á unglिंगastigi. Einn orðaði það svo: „Í heildina virðast þeir nemendur sem stóðu tæpt fyrir COVID-19 líka hafa verið fyrstir til að heltast úr lestinni í COVID-19.“

Nokkrir nefndu börn og unglinga sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Þau mættu verr í skólann en skólasystkinin eins og fyrr var nefnt. Þessi orð kennara lýsa vel áhyggjum og umhyggju kennara:

Áhyggjur af börnum með veikt bakland, þau drógust frekar aftur úr þrátt fyrir fjarkennslu þar sem stuðningur við þau var minni/athygli minni. Þau börn upplifa erfiðleika núna, hafa ekki fengið neinn andlegan stuðning né sérkennslu vegna aðstæðna undanfarnar vikur. Hefði verið hægt að gera betur í tengslum við afleysingu fyrir sérkennslu/námsráðgjöf, kannski ekki hugað nægilega að mikilvægi þess.

Umhugsunarvert er líka að kennarar nefndu að erfitt væri að átta sig á hvernig börn af erlendum uppruna sinntu náminu heima fyrir og af hverju mætingin væri eins slök og hún var. Um þetta sagði einn kennari:

Er mikið með nemendur af erlendum uppruna og næ ekki sambandi við suma og fæ ekki miklar upplýsingar hvað mikið er unnið heima. En samt gott hljóð í flestum foreldrum og börnum.

Sumir kennaranna nefndu að úthald hefði vantað hjá foreldrum. Nefnt var til dæmis að foreldrar hefðu beðið um viðbótarnámsefni fyrir börn sín en svo hefði það ekkert verið notað. Nokkrir nefndu að heimalestur barna hefði minnkað. Einn kennari orðaði þetta svo:


Mér fannst þátttaka foreldra mun meiri í byrjun, þ.e. fyrir páskaleyfi. Eftir páskaleyfi var eins og úthald skorti eða að foreldrar eygðu venjulegan skóladag í augsýn en samt voru 3 vikur eftir!

Loks er ástæða til að draga fram að mörg svör kennara voru á kennslufræðilegum nótum, veittu innsýn í hvernig nám nemenda hafði verið skipulagt, kosti og galla og hvaða lærdóm mætti af því draga. Í svörunum var oft tengt við samstarfið við heimilin um námið. Þetta svar var ítarlegt og dregur fram nokkur athyglisverð atriði:

Fannst tengslin aukast, settum börnunum fyrir „heimaskólaverkefni“ þar sem foreldrar tóku stundum þátt. Finnst gott að setja meiri ábyrgð á heimili að fylgjast með og taka þátt og nú gafst kannski meira rými og tími fyrir foreldra að gera það. Fannst líka gott að hafa minni námshópa þar sem maður gat sinnt hverju og einu barni miklu betur og um leið meiri samskipti heim. Fannst líka styttri skóladagur skila meiri árangri, var hnitmiðaðri og afslappaðri.

Áhyggjur foreldra af námsárangri og líðan barna sinna

Grunnskólakennarar og stjórnendur töldu foreldra frekar hafa áhyggjur af líðan en námsárangri barna sinna á þessu tímabili, sjá *Mynd 4*. Stjórnendur töldu áhyggjur foreldra meiri en kennarar gerðu. Það kann að skýrast af því að umsjónarkennarar eru mest í tengslum við foreldra barna í sínum bekk eða nemendahópi en stjórnendur eru oft í sambandi við foreldra barna í mörgum umsjónarhópum og öll alvarlegri mál rata inn á þeirra bord.



Mynd 4. Svör grunnskólakennara (Gk) og skólastjórna (S) um hversu sammála eða ósammála þeir eru fullyrðingum um að foreldrar hafi áhyggjur af námsárangri eða líðan barna sinna.

Á *Mynd 4* má sjá að 38% stjórnenda og 31% kennara töldu foreldra hafa haft áhyggjur af námsárangri barna sinna. Nánast jafnmargir úr báðum hópum töldu foreldra hvorki áhyggjufulla né áhyggjulausa hvað varðar námsárangurinn. Um 28% kennara töldu foreldra ekki hafa áhyggjur af námsárangri á þessum tíma. Hins vegar er ljóst að fagfólkið taldi foreldra hafa áhyggjur af líðan barnanna. Um 53% skólastjórna töldu svo vera og um 40% kennara voru sammála um að foreldrar hefðu áhyggjur af líðan barna sinna. Það er skýr niðurstaða að stjórnendur og kennarar töldu foreldra mun frekar hafa áhyggjur af líðan barna og unglunga en af námsárangri þeirra í fyrstu bylgju COVID-19.

Umræða og lokaorð

Ljóst er af niðurstöðum að skólastjórna lögðu allt kapp á að halda uppi kennslu í mars, apríl og maí 2020 þegar fyrsta bylgja COVID-19 gekk yfir héraendis. Um 92% grunnskóla voru opnir með þeim takmörkunum sem hæfilegar þóttu á hverjum stað. Þetta var í samræmi við áherslur íslenskra stjórnvalda og sóttvarnareglur hverju sinni en ólíkt því sem víða var gert í nágrennlöndum, svo sem Noregi, Bretlandi og Írlandi, þar sem grunnskólar voru lokaðir vikum saman (Bayrakdar og Guveli, 2020; Doyle, 2020; Johansen o.fl., 2020). Mikilvægt var að útfærslan á viðveru eða mætingu nemenda var ekki miðstýrð héraendis heldur traust bundið við að samráð skólastjórna innan sveitarfélaga leiddi til skynsamlegrar niðurstöðu. Skólastjórar fengu þar með mikið svigrúm til að laga sig að aðstæðum og taka ákvarðanir samkvæmt þeim og þörfum í nærumhverfinu, sem sannarlega voru mismunandi milli sveitarfélaga og eftir tímabilum í fyrstu bylgjunni. Helsti ókosturinn við að fara þessa leið var að af og til komu fram gagnrýnisraddir og áhyggjur vegna þess að ekki gerðu allir

skólar eins, en eins og Johansen og félagar (2020) bentu á stuðlaði samræming aðgerða á héraðsvísu í Noregi að því að sefa áhyggjur jafnt skólastarfsfólks sem foreldra. Sjálfstæði skólanna hérlendis til að taka ákvarðanir á heimavelli á trúlega drjúgan þátt í að 92% skóla héldust opnir, sem hlýtur að teljast mjög góður árangur og er ein meginniðurstaða rannsóknarinnar.

Önnur meginniðurstaða er að skólastjórnendur voru gríðarlega ánægðir með hvernig tókst að endurskipuleggja kennslu á þessu tímabili en ekki eins ánægðir með þátttöku foreldra í námi barna sinna. Um 88% skólastjórnenda töldu kennsluna hafa verið mjög góða eða góða, samanber *Mynd 1*. Kennarar voru ögn hógværi en um 78% þeirra voru sama sinnis. Í mati sínu var fagfólkið væntanlega að taka mið af aðstæðum en ánægjan slagar samt hátt upp í sambærilegar niðurstöður í rannsókn á starfsháttum í íslenskum grunnskólum þar sem gagna var aflað í 20 skólum (Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014). Samkvæmt Starfsháttarannsókninni töldu ríflega 90% kennara kennslu í sínum grunnskóla í heild vera mjög eða yfirleitt góða. Trú stjórnenda og kennara í þessari rannsókn, á að gæði kennslu í fyrstu bylgju COVID-19 hafi ekki minnkað frá því sem er í venjulegu ári, er dýrmæt, sérstaklega í ljósi þess að öflugt faglegt starf er tímafrekt. Hátt í helmingur kennaranna (44%) taldi að undirbúningur kennslunnar og kennslan sjálf hefði tekið meiri tíma í fyrstu bylgju COVID-19 en venjulega, samanber *Mynd 3*. Í annarri íslenskri rannsókn frá vormánuðum 2020 kom fram að almennt áttu kennarar auðvelt með að aðlaga sig nýjum kröfum í starfinu (Ylfa G. Sigurðardóttir, 2020). Þetta hvort tveggja, aðlögunarhæfnin og vinnusemi og metnaður sem kom fram í að verja meiri tíma til starfsins, er til marks um fagmennsku kennara og stjórnenda þegar þörf krafði.

Þónokkur munur kom fram á mati kennara og stjórnenda annars vegar á kennslunni og hins vegar á þátttöku foreldra í námi barna sinna, sjá *Mynd 1*, og er það þriðja meginniðurstaðan. Bæði kennarar og stjórnendur töldu þátttöku foreldra í námi barna sinna ekki hafa verið jafn góða og kennsluna sem skólafólkið sjálft stýrði. Um 27% kennara sögðu þátttöku foreldra hafa verið í meðallagi, hvorki góða né slæma, og 15% kennaranna töldu að henni hefði verið áfátt. Ljóst er að þessar tölur lýsa nokkurri óánægju eða vonbrigðum kennara með frammistöðu foreldra hvað varðar þátttöku þeirra í námi barna sinna. Ef þessar niðurstöður eru skoðaðar með hliðsjón af svörum kennara við opinni spurningu má þó segja að kennarar hafi verið óánægðir með þátttöku foreldra af ýmsum og ólíkum ástæðum. Nefnt var að börn fengju ekki nægan stuðning heima fyrir, einnig að aðhald skorti og úthald skorti hjá sumum foreldrum í að styðja börnin. Á móti kom að kennarar nefndu líka að aðstæður foreldra til að taka þátt í námi barnanna væru mjög mismunandi og sumir nefndu að reynslan af COVID-19 hefði veitt þeim nýja innsýn í þær og aukið skilning þeirra á aðstæðum barna og foreldra. Þessar niðurstöður eru samhljóma annarri nýrri íslenskri rannsókn sem sýndi að foreldrar grunnskólabarna eru ekki einsleitir hópur frekar en börnin sjálf, breytingar á starfsemi skóla komu við fjölskyldur á ólíka vegu og aðstæður til að taka þátt í námi barna og unglinga gátu verið mjög mismunandi, meðal annars vegna vinnu og fjölskylduadstæðna (Auður Magndís Auðardóttir og Annadís Greta Rúdólfssdóttir, 2020). Íslenskar og erlendar rannsóknir sýna að menntun foreldra getur og skipt verulegu máli þannig að foreldrar með litla menntun séu í verr í stakk búnir til að aðstoða börn sín og styðja við nám þeirra (Bæck, 2009; Doyle, 2020; Kristín Jónsdóttir o.fl., 2017). Höfundur þessarar rannsóknar vill einnig draga þann lærdóm af framangreindu að stjórnendur og kennarar þurfi að skoða hvort foreldrar geti fengið ný, öðruvísi eða fjölbreyttari tækifæri til þátttöku í námi barna sinna.

Fjórða meginniðurstaða rannsóknarinnar snýst um tengsl heimila og skóla eða samskipti kennara og stjórnenda við foreldra nemenda. Það er ljóst að tengslin milli grunnskólanna og heimilanna virðast hafa verið frekar sterk á þessu tímabili en það hafi líka tekið tíma hjá stjórnendum og kennurum að rækta þau. Sex af hverjum tíu kennurum vörðu meiri tíma en venjulega í upplýsingagjöf og samstarf við foreldra. Með hliðsjón af því sem fyrr var sagt um að kennarar vörðu meiri tíma til undirbúnings og kennslu má ljóst vera að þeir unnu á heildina lítið töluvert meira en í meðalári. Meirihluta kennaranna fannst samstarfið við foreldra vera auðvelt. Þó reyndi talsvert á, samanber *Mynd 2*, því 28% kennaranna sögðu samstarfið annaðhvort hafa verið erfitt (7%) eða hvorki auðvelt né erfitt (21%) sem algengt er að túlka í neikvæðari áttina. Á heildina lítið virðist vera sem hallað

hafi á kennara, samskiptin við foreldra hafi verið þeim aðeins erfiðari en skólástjórnendum. Þetta rennir frekari stöðum undir að stöðugt vaxandi kröfur séu gerðar til kennara sem fagfólks. Í því efni hefur athyglin m.a. beinst að því að kennarastarfið felur í sér svo margt fleira en kennslu og kröfur til kennara um að mæta mismunandi þörfum nemenda hafa aukist á síðustu áratugum (Hermína Gunnþórsdóttir, 2016).

Foreldrar höfðu meiri áhyggjur af líðan barna sinna en námsárangri þeirra í fyrstu bylgju faraldursins, að mati kennara og skólástjórnenda, eins og sjá má á *Mynd 4*. Þessi fimmta meginniðurstaða samrýmist vel fyrri rannsóknum sem sýna að fagfólk skólanna og foreldrar forgangsraða á sama veg og að þessir hópar eru sammála um hvað leggja eigi mesta áherslu á í skólastarfi (Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014). Þannig staðfesta þessar niðurstöður að samstaða er enn um það í samfélaginu að góð líðan barna og unglunga sé forgangsmál. Freistandi er að tengja það við hollráð frá þeim sem hvetja skólafólk til að taka Marie Kondo á námskrána, þegar skólastarf færist í eðlilegt horf, svo aðalatriðin fái óskipta athygli (Mehta og Peebles, 2020).

Sjötta meginniðurstaðan snýst um mætingu nemenda. Það er sláandi að nemendur á unglíngastigi mættu verr en yngri nemendur að mati skólástjórnenda þegar fyrsta bylgja COVID-19 gekk yfir. Þeir telja að um 14% unglínganna hafi mætt undir 40% af þeim tíma sem þeir áttu að mæta í skólann. Fjarvera nemenda er auðvitað af ýmsum ástæðum en ekkert augljóst tengt faraldrinum sjálfum skýrir þennan mun milli aldurshópa, og 14% er hátt hlutfall. Ef til dæmis er miðað við litla unglíngadeild með um 24 nemendum í hverjum árgangi þá þýðir þetta að um 10 unglíngar hafi mætt illa. Vitað er að um 700 grunnskólanemendur í landinu eru í viðkvæmri stöðu þar sem félagstengsl þeirra eru slök við fjölskyldu, vini og skóla (Ársæll Már Arnarsson o.fl., 2020). Ástand eins og skapast hefur vegna COVID-19 getur klárlega veikt félagstengsl unglínganna enn frekar og hitt þá fyrir sem síst skyldi. Það gefur tilefni til að fylgst verði sérstaklega vel með börnum og unglíngum sem mæta illa í skólann vegna kórónufaraldursins. Sum þessara barna og unglínganna gætu hreinlega týnst og ekki átt afturkvæmt því skrefin til baka inn í skólana geta verið mjög þung eftir mikla fjarveru.

Sjöunda og síðasta meginniðurstaða þessarar rannsóknar er að fagfólkið í skólunum hafði nokkrar áhyggjur af nemendum sem tilheyrta viðkvæmum hópum. Önnur rannsókn á COVID-19 og íslensku grunnskólastarfi sýndi eins og þessi að kennarar höfðu áhyggjur af að ýmiss stuðningur við nemendur féll niður (Ylfa G. Sigurðardóttir, 2020). Svör kennara við opinni spurningu þessarar rannsóknar sýndu að þeir voru oft mjög meðvitaðir um aðstæður nemenda sinna og höfðu áhyggjur af nemendum sem tilheyrta viðkvæmum hópum, eru af erlendum uppruna og þeim sem hafa veikt bakland. Þessar áhyggjur samrýmdust mati skólástjórnenda á mætingu nemenda í skólann sem alla jafna var góð. Hins vegar töldu um 40% þeirra að mæting barna af erlendum uppruna hefði breyst til hins verra í samanburði við mætingu skólasystkina. Um 46% stjórnenda sögðu mætingu barna sem hafa veikt félagslegt bakland hafa versnað samanborið við aðra nemendur. Þetta er áskorun þar sem skólastarf skal vera grundvallað á jafnrétti samanber 2. grein laga um grunnskóla. Skert skólastarf og skólalokanir hafa gjarnan verst áhrif á þá sem viðkvæmir eru fyrir, samkvæmt niðurstöðum erlendra rannsókna sem þegar liggja fyrir um áhrif COVID-19 á skólagöngu barna og unglínganna (Bayrakdar og Guveli, 2020; Doyle, 2020; Johansen o.fl., 2020; Sahlberg, 2020). Þannig geta viðbrögð við COVID-19 sem fela í sér skerðingu á skólastarfi aukið ójöfnuð milli barna og unglínganna því menntun er almennt talin stuðla að jafnrétti manna á meðal. Með börn af erlendum uppruna í huga er líka rétt að nefna að foreldrar þeirra hafa stundum minni tök á að taka þátt en innfæddir af mismunandi ástæðum. Stundum verður íslenskan sem tungumál skóla að hindrun sem fagfólkið þarf að yfirstíga og beita til þess hugkvæmni og frumlegum lausnum eins og kennurum er sérlega lagið að gera (Morgan, 2020). Þessi staðreynd og fleira kallar á að foreldrar fái fjölbreyttari verkefni til að taka þátt í með börnum sínum.

Á heildina litið sýna niðurstöður að kennarar og stjórnendur lögðu mikið á sig til að halda uppi góðri kennslu í grunnskólum landsins í fyrstu bylgju COVID-19. Þeir viluðu ekki fyrir sér að leita nýrra leiða, meðal annars með fjarkennslu til viðbótar við veru nemenda í skólunum, þó það kostaði umtalsverða aukavinnu. Greina má nokkur vonbrigði með samskipti við foreldra þó margir kennarar

hafi líka upplifað stuðning og hrós frá foreldrum á þessum álagstíma. Samt eru skýrar vísbendingar um að tengsl grunnskóla og heimila hafi trosnað merkilega lítið og frekar styrkst en veikst í fyrstu bylgju COVID-19 þegar á heildina er lítið. Þessa ályktun byggir höfundur á niðurstöðum og umræðunni hér að framan en rökin eru þrenns konar. Í fyrsta lagi má ljóst vera að starfsfólk skóla lagði sig fram um að halda skólunum opnum og stýra góðri og vel undirbúinni kennslu af fagmennsku um leið og það fékk skýrari mynd af hvað nemendur búa við mismunandi aðstæður. Það lagði mikið á sig og uppskar nokkra viðurkenningu. Í öðru lagi virðist sem foreldrar hafi fengið meiri innsýn í fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni grunnskólanáms og sýnt kennurum oftast þakklæti og virðingu en í stöku tilfellum pirring og tilætlunarsemi. Áhersla foreldra á góða líðan barna sinna fremur en námsárangur, að mati skólafólksins, er í góðu samræmi við eldri rannsóknir hérlendis. Sjónarmið foreldra og reynslu þeirra af skólastarfi í COVID-19 væri áhugavert að skoða í framhaldsrannsókn. Í þriðja lagi leiðir rannsóknin í ljós að samskipti heimila og skóla jukust í flestum tilvikum, kennarar og foreldrar unnu saman með margvíslegum hætti og eftir nýjum leiðum. Þeir fengu líka ný tækifæri til að skilja hvorir aðra og mismunandi aðstæður barna, í námi jafnt sem á heimilum. Sá galli var á að tengsl kennara við nemendur úr viðkvæmum hópum rofnuðu frekar en við jafnaldra þeirra svo neikvæð áhrif fyrstu bylgju faraldursins virðast hafa bitnað harðast á þessum nemendum. Það er einnig efni í nýja rannsókn.

Þakkir

Ég þakka skólastjórnendum og grunnskólakennurum sem svöruðu könnuninni fyrir mikilvægt framlag til rannsókna á áhrifum COVID-19 á grunnskólastarf á Íslandi. Einnig þakka ég félögum mínum í COVID-hópnum og á Menntavísindastofnun HÍ fyrir gott samstarf.

COVID-19 did not damage the relationship with families, according to leaders and teachers in compulsory schools

The first wave of COVID-19 in Iceland lasted from March to May in 2020. Around 92% of the compulsory schools remained open, albeit with some restrictions in order to minimize the risk of spreading the pandemic amongst school children. These restrictions included grouping students and organising their attendance in school at different times or days. The Ministry of Education, Science and Culture did not organise attendance in school centrally but was active in the discussion of best solutions. Local authorities and school leaders made the decisions, thus solutions diverged between schools and school districts, although all students were expected to study at home to compensate for time not spent at school. Schools also responded by increasing information to parents and almost all of them started some kind of distance teaching to support students when they were supposed to study at home. Neither children nor their parents are a homogeneous group and these changes in compulsory schooling affected families in different ways.

Researchers on the impact of COVID-19 on compulsory schooling and school children have already revealed negative effects. Children belonging to lower SES groups were more likely than other children to lack support from their schools, and during school closures in Britain and Ireland, parents' educational level also influenced the material they received from teachers to assist their children (Bayrakdar & Guveli, 2020; Doyle, 2020). In Norway schools closed for six weeks in spring 2020 but then gradually opened again. Scientists from health and educational institutions in Norway pointed out that evidence for the effect of school closures on the reduction of COVID-19 disease burden is limited, while the negative consequences of school closures include the real risks of deepening social, economic and health inequities (Johansen et al., 2020). The authorities stated that rules or guidelines, they had provided on safe reopening of schools, were perceived as reassuring for the concerned parents and teachers involved.

This research builds on answers from school leaders and teachers that participated in an online-survey in April-May 2020. Answers came from 151 compulsory school out of 170 in total in Iceland. The questions focused on teachers' and school leaders' opinions regarding the re-organisation of teaching and learning during the first wave of COVID-19, with special attention to home-school relationship.

Findings showed that teachers and school leaders were fully aware that students' opportunities to study at home were diverse. Even so – or maybe just because of that – they put a lot of effort into keeping the schools open as much as possible, also to provide students with books and tasks to work on at home. Teachers used more time than usual in teaching and in planning and preparing as they had to change the curriculum considerably. They spent additional time on contacting and informing students' families. School leaders and teachers were very content with the teaching in general, but they were less content with parent participation in children's studies. The professionals were concerned about students in vulnerable groups, such as students of immigrant origin or those with weak social background. Those students were more often missing from school than their fellow classmates. The findings reveal a slight disappointment relating to communication with parents during this period, although many teachers and school leaders report that they received support and praise from parents as well. Altogether, findings suggest that home-school relations were strengthened rather than weakened during the first wave of COVID-19.

Key words: COVID-19, home-school relations, compulsory schools, equity, school development.

Um höfund

Dr. Kristín Jónsdóttir (kjons@hi.is) er kennslukona og dósent í kennslufræði á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún gegnir nú starfi forseta Deildar kennslu- og menntunarfræði. Á hennar rannsóknasviði eru nám og kennsla, tengsl heimila og skóla og skólaþróun. Hún hefur áralanga reynslu af kennslu og stjórnunarstörfum í grunnskóla.

About the author

Dr Kristín Jónsdóttir (kjons@hi.is) is an associate professor in pedagogy and didactics, and head of Faculty of Education and Pedagogy at the University of Iceland. Her research fields are teaching and learning, home-school relationship, and school development. She worked for several years as a teacher and headmaster in compulsory schools.

Heimildir

- Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2014). Viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna skóla. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshettir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 29–56). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Auður Magnús Auðardóttir og Annadís Greta Rúdólfssdóttir. (2020). Chaos ruined the children's sleep, diet and behaviour: Gendered discourses on family life in pandemic times. *Gender, work, and organization*. doi:10.1111/gwao.12519
- Ársæll Már Arnarsson, Sigrún Daníelsdóttir og Rafn Magnús Jónsson. (2020, maí). *Félagstengsl íslenskra barna og ungmenna*. Reykjavík: Embætti landlæknis.
- Bayrakdar, S. og Guveli, A. (2020, júní). *Inequalities in home learning and schools' provision of distance teaching during school closure of COVID-19 lockdown in the UK*. United Kingdom: ISER, University of Essex.

- Bæck, U.-D. K. (2009). From a distance – how Norwegian parents experience their encounters with school. *International Journal of Educational Research*, 48(5), 342–351. doi:10.1016/j.ijer.2010.03.004
- Doyle, O. (2020, apríl). COVID-19: Exacerbating educational inequalities? Ireland: Public Policy.
- Heilbrigðisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2020, 20. mars). Leiðbeinandi viðmið um íþrótta- og æskulýðsstarf í ljósi takmörkunar á skólastarfi og samkomum. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/03/20/Leidbeinandi-vidmid-um-ithrotta-og-aeskulydsstarf-i-ljosi-takmorkunar-a-skolastarfi-og-samkomum/>
- Hermína Gunnþórsdóttir. (2016). Fjölbreytileiki nemenda og kennarastarfið. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 259–282). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2014). Kennslu-hættir. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 113–158). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingvi Hrannar Ómarsson. (2020, 8. apríl). Heimaskólinn á tímum Covid-19. Bergmann Guðmundsson (Giljaskóli) [viðtal á Menntavarpri, hlaðvarpi um menntamál]. Sótt af <http://ingvihrannar.com/fjarkennsla-attimum-covid-19-bergmann-gudmundsson-giljaskoli/>
- Johansen, T. B., Astrup, E., Jore, S., Nilssen, H., Dahlberg, B. B., Klingenberg, C., . . . Greve-Isdahl, M. (2020, apríl). Infection prevention guidelines and considerations for paediatric risk groups when reopening primary schools during COVID-19 pandemic, Norway, April 2020. *Eurosurveillance*, 25(22). doi:10.2807/1560-7917.es.2020.25.22.2000921
- Kennarasamband Íslands. (2020, 23. mars). Menntabúðir á neti fyrir skólafólk. Sótt af <https://www.ki.is/um-ki/utgafa/frettir-og-pistlar/frettir/2020/menntabudir-a-neti-fyrir-skolafolk/>
- Kristín Jónsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Bæck, U.-D. K. (2017). Influential factors behind parents' general satisfaction with compulsory schools in Iceland. *Nordic Journal of Studies in Educational Policy*, 3(2), 155–164. doi:10.1080/20020317.2017.1347012
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Mehta, J. og Peebles, S. (2020, 26. júní). Marie Kondo the curriculum [bloggfærsla]. Sótt af <https://www.shankerinstitute.org/blog/marie-kondo-curriculum>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.
- Morgan, H. (2020). Best practices for implementing remote learning during a pandemic. *Clearing House: A Journal of Educational Strategies, Issues and Ideas*, 93(3), 134–140.
- Sahlberg, P. (2020, 3. júní). Five things not to do when schools reopen [bloggfærsla]. Sótt af <https://www.shankerinstitute.org/blog/five-things-not-do-when-schools-re-open>
- UNICEF. (2020, mars). *Lykilskilaboð og forvarnaraðgerðir vegna COVID-19 í skólum*. Sótt af <https://stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5cf16b5a-678f-11ea-945f-005056bc4d74>
- Ylfa G. Sigurðardóttir. (2020). *Grunnskólakennsla á tímum fjöldatakmarkana vegna COVID-19. Sjónarhorn grunnskólakennara* (óútgefin meistararitgerð). Háskólinn á Akureyri.



Kristín Jónsdóttir. (2020).

Tengslin við heimilin trosnuðu merkilega lítið í fyrstu bylgju COVID-19 Sjónarhorn stjórnenda og grunnskólakennara

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2020 – Um Covid 19.

Sótt af <http://netla.hi.is/serrit/2020/covid19/05.pdf>

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.21>